

A F L M Æ L I N G

- Borhola N-4 Námafjalli -

Eftir

Stefán Arnórsson

AFLMÆLING Á HOLU N-4, NÁMAFJALLI

Niðurstöður

Aflmæling var gerð dagana 28.07.-30.07. 1969 af Stefáni Arnórssyni og Braga Eggertssyni. Enthalpy vatns- og gufublöndunnar var ákvarðað með gasaðferð, sem lýst er í skýrslu eftir Sv.B. og S.B. "Greinagerð um aflmælingar á gufuholum". Enthalpy var einnig reiknuð út frá kvarshita og Na/k hlutfalli vatnsblöndunar. Heildarrennsli var fundið út frá krítiskum þrýstingi í útstreymisopi.

Enthalpy $h_0 = 262$ (gasaðferð)
 $h_0 = 259$ (kvarshiti, meðaltal 6 ákvarðana)
 $h_0 = 258$ (Na/k hlutfall, meðaltal 6 ákvarðana)

Heildarrennsli $M = 45$ kg/sek við $P_0 = 11.0$ atg
 $M = 41$ kg/sek við $P_0 = 13.0$ atg
 $M = 38$ kg/sek við $P_0 = 15.0$ atg


Gufurensli $G = 24$ tn/klst við $P_0 = 11.0$
 $G = 20$ tn/klst við $P_0 = 13.0$
 $G = 17$ tn/klst við $P_0 = 15.0$

Þegar aflmælingin var gerð, hafði holan ekki blásið í um það bil 3 vikur, en var opnuð að nokkru kl. 17.00 27.07 og fullopnuð kl. 8.30 28.07. Prófanir sýndu, að stöðugt gildi fékkst á P_0 og P_c aðeins fáum mínútum eftir að holan var opnuð og eftir breytingar á aðalloka. Er því talið, að niðurstöður sýni heildarafköstin eins og þau eru í blæstri á lengri tíma. Lítil þrenging með aðalloka hefur í för með sér hækkun á þrýstingi á P_0 og minnkun á heildarrennsli.

Hiti, sem fæst með enthalpy mælingu með gasaðferð og Na/K hlutfalli og kvarshiti er 21-25°C lægri en mældur hámarkshiti í holunni skömmu eftir að borun lauk. Skoltap varð í holunni á 638 m dýpi og meira, að því að talið er, á 1038 m dýpi, en mældur hiti á þessum stöðum var 251°C og 257°C. 251°C samsvarar $h_0 = 256$ kcal/kg og 257°C samsvarar $h_0 = 262$ kcal/kg. Mæld enthalpy heildarrennslis holunnar er því í mjög góðu samræmi við mældan hita á þeim dýpum, sem skoltap varð.

ORKUSTOFNUN

| Dags. | Kl. | P ₀ atg | P _c atg Ø 6" | M kg/sek | G P ₀ tn/klst |
|-------|-------|--------------------|-------------------------|----------|--------------------------|
| 28.07 | 17.40 | 11.5 | 2.15 | 44 | 23 |
| | 22.20 | 11.6 | 2.19 | 45 | 23 |
| 29.07 | 10.50 | 11.2 | 2.07 | 44 | 23 |
| | 15.06 | 17.4 | 0.96 | 29 | 11 |
| | 15.25 | 20.6 | 0.58 | 23 | 8 |
| | 15.50 | 17.1 | 1.29 | 33 | 13 |
| | 18.40 | 14.2 | 1.63 | 38 | 17 |
| | 19.05 | 20.0 | 0.72 | 25 | 9 |
| | 19.08 | 23.0 | 0 | 0 | 0 |
| | 21.50 | 12.4 | 2.04 | 43 | 22 |
| 30.07 | 9.40 | 12.0 | 1.98 | 43 | 22 |



Hitamælingar í borholum

